

Yfirskrift	Stjórnarfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana			
Stjórnarfundur nr. 3	Dagsetning	3. mars 2020	Tími	12:00 – 13:45
Fundarstaður	Skrifstofa FFR, Hverfisgötu 105, Reykjavík			
Fundarstjóri	MH			
Ritari	KS			
Á fundinn mættu:	Árni Bragason (ÁB), Ársæll Guðmundsson (ÁG), Ásdís Ármannsdóttir (ÁÁ), Halldór Ó. Sigurðsson (HÓS), Harpa Þórsdóttir (HP), Kristján Sverrisson (KS), Margrét Hauksdóttir (MH) og Jóhanna Á. Jónsdóttir (JÁJ), framkvæmdastjóri félagsins.			
Fjarverandi				
Fylgiskjöl				
Vistun gagna	JÁJ			

Fundargerð stjórnarfundar FFR 3. mars 2020

1. Fundargerð 4. febrúar 2020

Fundargerð stjórnarfundar frá 4. febrúar 2020 samþykkt. Umræður urðu um beiðni fyrrum forstöðumanns um aðild að FFR og almennt hvers vegna fyrrum forstöðumenn ætti að vera í félaginu og hagsmuni þeirra. Samþykkt að MH hafi samband við umsækjanda og óski eftir að hann rökstyðji beiðni sína um félagsaðild.

2. Félagsfundur 18. mars 2020

Samþykkt að senda fundarboð til félagsmanna í byrjun næstu viku. Samþykkt að streyma fundinum. JÁJ upplýsti stjórnarmenn um að Guðrún Jóhanna hjá KMR hafi samþykkt að vera með erindi á félagsfundinum. Samþykkt að fara jafnframt yfir á fundinum hvaða styrki sé hægt að sækja um til BHM. Jafnfram yrði stutt kynning á störfum fyrir fólk með skerta starfsgetu hjá opinberum stofnunum.

3. Endurmenntun forstöðumanna - Reglur nr. 490/2019

Stjórnarmenn hafa lagt áherslu á að endurmenntun starfsmanna þeirra nýtist í störfum þeirra. Umræður urðu um það hvenær forstöðumaður missi réttinn til að sækja um námsleyfi. Með ákvörðun menntamálaráðherra í máli fyrrverandi þjóðleikhússtjóra er búið að rýra réttindi forstöðumanna til að sækja um námsleyfi. Samþykkt að HP afli frekari upplýsinga og upplýsi stjórnina á næsta fundi.

4. Launahækkun 1. janúar 2020

Forstöðumenn eiga að fá kr. 17.000 launahækkun frá og með 1. janúar 2020 en hún hefur ekki enn komið til greiðslu. JÁJ upplýsti að hún hefði fengið þær upplýsingar frá KMR að hvorki ráðherrar né aðrir sem falla undir lög 79/2019 hafi fengið launahækkun 1. janúar 2020.

5. Fjölmiðlanámskeið

Samþykkt að JÁJ hafi samband við Andrés Jónsson og samþykki að haldið verði nokkurs konar „reunion“ fyrir þá forstöðumenn sem hafa sótt fjölmiðlanámskeið.